

Hafnarfirði, 26. febrúar 2021

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um uppbyggingu og rekstur flugvalla o.fl.

Vísað er til draga að frumvarpi til laga um uppbyggingu og rekstur flugvalla og þjónustu við flugumferð sem birt var á samráðsgáttinni 12. febrúar 2021. Félagið óskar eftir að koma að nokkrum almennum athugasemdum við frumvarpsdrögin.

Bent er á að í ljósi þess að til stendur að fella niður lög nr. 102/2006, nr. 76/2008 og nr. 153/2009, þarf að gæta að því að mikilvæg ákvæði sem varða sérstöðu Keflavíkurflugvallar og rekstur hans séu efnislega til staðar áfram. Þetta eru m.a. ákvæði er varða hlutverk hans sem sveitarfélags t.d. 1., 4., 7., 8. og 9. gr. laga nr. 76/2008 og 5. og 11. gr. laga nr. 102/2006.

Um leið þarf að hafa í huga sérstöðu flugvallarins skv. EES reglum varðandi samkeppnislega stöðu hans sem er rekinn að fullu með gjaldtöku af notendum (flugrekendum) og öðrum tekjum af óflugtengdri starfsemi. Flugvöllurinn er því rekinn á markaðsforsendum og í samkeppni við aðra flugvelli á EES svæðinu og því er mikilvægt að ekki verði raskað samkeppnisstöðu hans eða lagðar á hann kvaðir umfram það sem almennt gerist um flugvelli sem hann á í samkeppni við. Jafnframt verði ekki lagðar á hann fjárhagslegar kvaðir nema framlag komi á móti.

Í inngangi að greinargerð með frumvarpinu er vikið að því að ekki væri til að dreifa heildstæðum lögum um rekstur og uppbyggingu flugvalla og rekstrarstjórnunar flugumferðar og flugleiðsöguþjónustu, sem ríkinu beri að sjá til þess að sé til staðar. Þannig væru hvorki í lögum að finna skýra skilgreiningu á verkefnum samgönguyfirvalda á þessu sviði né á þeim markmiðum sem stýra eiga för við framkvæmd þeirra verkefna. Ekki verður séð að bætt sé úr þessu með frumvarpinu þar sem það er í meginatriðum endurútgáfa á þeim lagabálkum sem felldir eru niður með 8. gr. frumvarpsins.

Félagið bendir á að í 1. gr. frumvarpsins er vikið að skyldu til að veita þjónustu á grundvelli alþjóðlegra skuldbindinga ríkisins en af greinargerðinni verður ekkert af því ráðið í hverju þær felast eða hverjar þær eru. Þannig er hvorki vikið að þeim alþjóðasamningum og skuldbindingum sem liggja til grundvallar þjónustu flugvalla og flugleiðsögu eða samningum sem liggja til grundvallar við kostun þjónustunnar, sem er miður. Ekki verður annað ráðið af greinargerðinni en að það snúist um mannvirki NATO.

Þá er kveðið á um það í markmiðum laganna að flugvellir landsins og þjónusta við flugumferð þjóni þörfum samfélagsins með skilvirkni, hagkvæmni og öryggi í fyrirrúmi í samræmi við stefnu stjórnvalda í samgöngumálum án þess að vikið sé að því hvernig það eigi að gerast.

Í 1. mgr. 2. gr. er vikið að *verkefnum ríkisins* í samræmi við upptalninguna sem fylgir. Félagið bendir á að nær sé að vísa til verkefna sem framkvæmd eru á ábyrgð ríkisins þar sem það framkvæmir þau ekki.

Þá er lagt til að í samræmi við b.-lið 2. gr. verði bætt við a.-liðinn orðunum „í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar ríkisins“.

Í b.-lið 3. gr. er kveðið á um að veitt sé heildstæð flugvallarþjónusta fyrir millilandaflug þ.m.t. varaflugvallarþjónusta hér á landi, sem stuðli að því að viðhalda og efla samkeppnishæfni landsins í millilanda- og tengiflugi. Í greinargerðinni kemur jafnframt fram að í heildstæðri þjónustu fyrir

millilandaflug felst m.a. að tryggja að til staðar sé varaflugvallarþjónusta fyrir Keflavíkurflugvöll hér á landi. Félagið bendir á að flugvallarþjónusta er ekki skilgreind og að varaflugvallarþjónusta er heldur ekki skilgreint hugtak alþjóðlega og varað er við því að taka upp sértæk eða séríslensk hugtök á þessu sviði þar sem samræming er mikilvæg. Þetta gengur því þvert á skuldbindingu ríkisins sem vikið er að í 1. mgr. 1. gr. þar sem krafa um samræmingu er hluti af alþjóðaskuldbindingunum.

Með ákvæðinu er verið að setja í búning að leggja kostnað af rekstri innanlandsflugvalla á Keflavíkurflugvöll sem er eini flugvöllurinn á landinu sem rekinn er á samkeppnisgrundvelli og er kostaður af notendagjöldum. Kostnað af *varaflugvallarþjónustu* mun leggjast á notendur flugvallarins. Þá fellst í ákvæðinu þversögn þar sem það mun leiða til aukins kostnaðar fyrir Keflavíkurflugvöll sem aðrir flugvellir í samkeppni við hann bera ekki og mun því ekki efla samkeppnishæfni landsins í millilanda- og tengiflugi. Þá er ekki gerð tilraun til að fjalla um eða meta kostnaðaráhrif af þessum hugmyndum.

Varðandi c. og d.-liði greinarinnar þá gerir félagið athugasemdir við skort á skýringum á þessum ákvæðum í greinargerð.

Vegna umfjöllunar í greinargerð um skuldbindingar flugvallarins skv. 2. mgr. 5. gr. er vakin athygli á að upphaflegar skuldbindingar bæði vegna Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og flugbrautakerfisins byggðu m.a. á kostnaðarþátttöku Bandaríkjamanna og síðar NATO. Ljóst er að frá þeim tíma hefur bæði flugstöðin þróast og stækkað þannig að hún er nú þrisvar sinnum stærri og hefur nánast öll verið endurbyggð af hálfu félagsins. Sama gildir um flugbrautakerfi flugvallarins sem hefur allt verið endurbyggt fyrir um 10 milljarða á undanförunum árum. Þessar framkvæmdir hafa allar verið fjármagnaðar af rekstraraðila flugvallarins og verða endanlega kostaðar af notendum flugvallarins. Þannig hafa forsendur þessara skuldbindinga breyst án þess að verið sé að véfengja skuldbindingar ríkisins vegna varnarsamstarfsins.

Í 6. gr. þar sem fjallað er m.a. um skipulagsnefnd flugvallarins er rekstraraðila Keflavíkurflugvallar falið að tilnefna einn fulltrúa í skipulagsnefndina sem félagið telur jákvætt. Með sæti í nefndinni hefur félagið tækifæri til þess að bæta störf hennar og efla samstarf við sveitarfélögin á öðrum vettvangi eins og t.d. Suðurnesjavettvangnum. Gott samband við sveitarfélögin á svæðinu hjálpar til að tryggja betri framgang í starfi skipulagsnefndar auk þess að tryggja almennan stuðning við starfsemi og framkvæmdir á flugvöllum.

Í 2. mgr. 7. gr. er fjallað um hlutverk flugvallarins m.a. vegna gatnagerðar. Félagið bendir á að rekstraraðili flugvallarins leggur á gatnagerðargjöld og heimæðagjöld til að standa straum af stofnkostnaði af gatnagerð, fráveitu og vatnsveitu en innheimtir aðeins þann hluta af fasteignagjöldum sem tilheyrir vatnsveitu og fráveitu en ekki þeim hlutum sem sveitarfélag nýtir til reksturs gatnainnviða þ.m.t. vegna snjómoksturs, vegmerkinga, lýsingar og viðhaldi gatna. Þessum þáttum er ekki sinnt af sveitarfélaginu. Þeir eru nú kostaðir með sérstökum þjónustugjöldum sem fasteignaeigendur á flugvallarsvæðinu greiða til flugvallarins og eru hluti af lóðarleigusamningum. Til þess að alls réttlætis sé gætt þá ætti hluti af fasteignaskattinum sem sveitarfélagið innheimtir að renna til þessara verkefna á Keflavíkurflugvelli.

F.h. Isavia ohf.

Karl Alvarsson yfirlögfræðingur